

Kosningadagar 2007

Minningar – greining – mat – uppgjör

Jón Sigurðsson
Fyrirv. iðnaðarráðherra og formaður
Framsóknarflokksins

1. tbl. 6. árg. 2010
Almennar greinar



Stjórnmal og stjórnsýsla veftímarit (almennar greinar)

Útdráttur

Þessi ritsmið er tilraun til að draga saman nokkra meginþætti í stöðu og málstað Framsóknarmanna í Alþingiskosningunum 2007. Um leið er greinin persónulegar minningar, mat og uppgjör höfundar sem var um stutt skeið formaður Framsóknarflokksins, ráðherra og frambjóðandi í Reykjavíkurborg norður, en náði ekki kjöri og hvarf frá stjórnmalastörfum. Höfundur leitast við að draga fram nokkur mikilvæg atriði til að fylla út í almenna mynd af íslenskum stjórnmálum á þessum tíma, með sérstakri áberlu á stöðu Framsóknarmanna og sjónarmið þeirra. Lýst er viðhorfum og stöðu mála innan flokksins og nefndar nokkrar hugsanlegar meginástæður fyrir stöðunni sem upp var komin. Raktir eru nokkrir málefnaflokkar sem hátt bar í kosningunum og lýst afstöðu til þeirra. Í síðara hluta greinarinnar er vikið að eftirleik kosninganna, viðræðum um nýja ríkisstjórn og strauum sem léku um forystu Framsóknarflokksins eftir versta afbroð í sögu hans. Höfundur leitast í sjálfu sér ekki við að taka blutlausu afstöðu, en þó er það von hans að ritsmiðin nýtist öðrum, meðal annars við fræðilega úrvinnslu.

Inngangur

Hér verður vikið að atburðarásum við Alþingiskosningarnar 12. maí 2007, aðdraganda þeirra og fyrsta eftirleik – eins og þetta kom mér fyrir sjónir. Frá miðjum júní 2006 varð ég skyndilega þátttakandi sem ráðherra, formaður Framsóknarflokksins frá 19. ágúst 2006 og loks sem frambjóðandi í Reykjavík norður. Kosningabaráttan var öðrum þræði skemmtileg, hvíldarlaus þvælingur auðvitað en gaman. Ég var á linnulausum þönum sem stóðu tæpt ár, í flestum byggðum landsins, mörgum stofnunum og fyrirtækjum, ekki síst í höfuðborginni og stóð nokkra daga á lokasprettinum vaktina í verslunarmiðstöðvum. Einatt er bráðskemmtilegt að tala við fólk. Hinum þræðinum var róðurinn þungur og Framsóknarmönnum mætti víða gremja eða jafnvel fyrirlitning.

Ég hafði starfað að ýmsum verkefnum innan Framsóknarflokksins um árabíl. Ég var fyrir löngu í forystu SUF og ritstjóri Tímans. Nefna má síðar stefnumótun í sjávarútvegsmálum, peningamálum, byggðamálum, samvinnumálum, menntamálum og málefnum Vísinda- og tækniráðs. Ég hafði leitt vinnu við stefnumótun í Evrópumálum og á sérsviðum sjávarútvegs- og landbúnaðarmála andspænis Evrópuþróuninni. Og ég hafði verið formaður svonefndrar málefnanefndar flokksins en hún undirbýr stefnuályktanir flokksins. Í þessum verkefnum hafði ég fyrst og fremst verið málamiðlari, samningamaður og samstöðumaður. En um þriggja ára skeið hafði ég hvergi komið að flokksmálum vegna starfa við Seðlabanka Íslands. Fyrir löngu hafði ég reyndar gert það upp við mig að pólitískur frami hentaði mér ekki – og að ég hentaði ekki fyrir slík störf. Mér hafði til dæmis fallið illa forðum að verða þekkt andlit úr sjónvarpi.

Sviðinu lýst

Í röðum flokksmanna var andrúmsloftið viðkvæmt. Óhróður um forystumenn

Stjórnmal og stjórnsýsla veftímarit (almennar greinar)

Framsóknarflokksins náði langt inn í flokkinn sjálfan og menn í efstu forystu tóku þátt í þessu. Langstæð óánægja hafði grafið um sig. Eftir hafði verið til sérstakra þingflokksfunda síðla í september 2006 til að sætta og friða hópinn innbyrðis. Fjárhagur flokksins var mjög þröngur en ýmislegt hafði farið úr böndum í borgarstjórnarkosningunum 2006. Fjáröflun fyrir kosningarnar 2007 mistókst að hluta og margir aðilar „afskrifuðu“ okkur fyrirfram. Ég fylgdist með fjármálunum úr nokkurri fjarlægð að því leyti að sérstök flokksnefnd annaðist um þau, en til að tryggja aðgreiningu fengu stjórnmalamenn flokksins yfirleitt aðeins að vita heildarfjárhæðir. Mörg mál urðu mótdræg. Andstæðingar flokksins ruku í febrúarlök 2007 upp og hugðust niðurlægja okkur vegna þjóðarsameignar á náttúruauðlindum en um það mál var samstaða í flokknum. Umræðurnar sem fylgdu í marsbyrjun sýndu brothætta innri stöðu og óuppgerðar ásakanir innbyrðis. Margir, einkum unga fólkið í forystunni, voru fyrst á eftir miður sín vegna orðaskipta við þann ráðherra okkar sem sett hafði málið af stað og margir voru uggandi vegna harðra yfirlýsinga annars ráðherra flokksins.

Það var einn stærsti árangur minn yfirleitt að takast að halda liðinu saman í þessu óveðri í marsbyrjun. Framsóknarflokkurinn var í krepptu sem staðið hafði lengi og dýpkað með fjölmiðlamáli, öryrkjamálum, Íraks máli, húsnæðismálum, eftirlaunamáli, borgarstjórnarkosningum og formannaskiptum. Í Reykjavík hafði flokkurinn lengi starfað til vinstri en verið í hægri samstarfi í ríkisstjórn. Þetta þótti mörgum tvískinnungur. Forysta flokksins hafði leitast við að nálgast fordæmi Venstre í Danmörku, en þetta hafði vakið blöndu viðbrögð í röðum stuðningsmanna. Það hafði verið kallað á mig til að brúa bil í mörgum skilningi. Og mér fannst það skylda mín að taka þessari kvaðningu. Sumir fjölmiðlamenn skildu þetta ekki því að þeir telja opinber störf aðeins hanaslag. Ég hafði auðvitað lítinn tíma til að kynna ný mál eða stefnumótun. Viðfangsefni mitt var að halda samstöðu í liðinu og koma í veg fyrir íkveikjur. Ég lagði allt undir til að miðla málum. Ég varð aldrei eiginlegur flokksformaður því að öll formennska mín fór í þetta.

Margir voru orðnir vanir spillingarglósam um flokkinn en mér féllu þær illa. Lærdómsríkt var að kynnast viðskiptahugmyndum sumra um stjórnmalin. Þau ættu að vera kaup kaups: Þið gerið fyrst eitthvað fyrir okkur og svo styðjum við ykkur á eftir. Forystumenn samtaka þóttust geta boðið atkvæði almennra félagsmanna í samræmi við þetta. Aðrir virtust skynja að við værum í bráðum vandræðum og vildu nýta sér þá stöðu fyrir sérhagsmuni sína. Þetta fór allt öfugt í mig og ekki höfum við fengið mörg atkvæði út úr því. Við stóðum að byltingarkenndri löggjöf um fjármál stjórnmalaflokka og frambjóðenda, meðal annars til að ryðja þessu út. Margt fylgdi í þessum spillingarglósam. Ég vissi fullvel áður að ýmislegt í gagnrýni á einkavæðingu bankanna var áróður eða byggðist á misskilningi, jafnvel þótt pólitískir bláþræðir væru á framkvæmdinni. Ég hafði tekið nokkurn þátt í þeim málum sem stjórnarmaður í Samvinnutryggingum á þeim tíma. – Aðstaða okkar nú minnti á kratana við lok Viðreisnar. Langur valdatími bitnaði á litla samstarfsflokknum.

Stjórnmal og stjórnsýsla vefþimarit (almennar greinar)

Framsóknarmenn telja flokkana til vinstri eðlilega samstarfsmenn. Í því ljósi var það merkilegt að deila mest við Samfylkingu og Vinstri – græna. En það var tímabært að íslenskt samfélag þroskaðist til opnunar og frjálsræðis frá því lokaða og ríkisrekna forræðiskerfi sem hér hafði haldist allt of lengi. Þetta var meginsteftna ríkisstjórnarinnar og skilaði árangri. Á tæpum tveimur áratugum hafði Ísland breyst úr hálfgerðu „alþýðulýðveldi“ í vestrænt opið samfélag og kröftugt hagkerfi. Ótrúlegur árangur náðist á mörgum sviðum. Í samfélaginu var tilhneiging til óheftrar frjálshyggju, en Seðlabanki Íslands og fleiri bentu á þörfina fyrir samræmda hagstjórn. Hömlulítil veltiár höfðu verið um skeið. Allir vissu að góðærið var hús byggt að hluta til á sandi en treystu á að það tækist að ná sveiflunni niður án áfalla. Þetta síðastnefnda var ígrundað mat byggt á athugun sérfræðinga.

Neikvæð afstaða fjölmíðlafólks til Framsóknarmanna fór ekki á milli mála. Veiðileyfið var svo sem ekki haft í neinum felum. Ég get hins vegar ekki kvartað undan þeim fyrir mitt leyti beint – með örfáum undantekningum. Ég undraðist að vísu fjandskap og árásargirni sumra þeirra. Trúnaðarmenn mínir mátu stöðuna þannig að ég ætti að reyna að ná til hógværu miðjunnar meðal kjósenda, forðast stóryrði en leggja áherslu á yfirvegum og traust. Ég var þessu mati sammála og reyndi að hegða mér samkvæmt því.

Í Reykjavík var staðan sú að gömlu stuðningshópar Framsóknarflokksins voru horfnir og ekkert hafði komið í staðinn. Opinberir starfsmenn, skrifstofufólk, bankamenn og kennarar voru í miklum mæli horfnir frá flokknum og samvinnustarfsmenn voru ekki lengur til. Ég þekkti flokkinn í borginni fyrr á árum og fann þennan mun greinilega nú. Samtök Framsóknarmanna í Reykjavík voru lömuð af illdeilum. Nýtt flokkakerfi til vinstri hafði hér náð góðum árangri í fylgisöflun. Margir Framsóknarmenn voru orðnir vanir því að fylgja forystumönnum úr sósíalískum flokkum í R-listanum og undu því vel. Brotthvarf forystumanna okkar og endurtekin mannaskipti í forystu höfðu auk þess ýtt enn frekara á sundrun í liðinu. Langstæð illindi innbyrðis höfðu þrýst á eftir og mettuðu andrúmsloftið í flokknum í borginni. Mjög mikil orka fór í að halda aftur af andstæðum hópum sem heimtuðu að úrslit yrðu fengin með opinberum átökum. Ég og trúnaðarmenn mínir töldum að slíkt gerði illt verra.

Auðvitað fylgdust allir með skoðanakönnunum og mikill tími fór í að ræða um þær. Ég þótti þungur og leiðinlegur – „kennaralegur“ var það kallað – en þó þótti flokksmönnum gott að fá tækifæri til að tjá sig frjállega í kallfæri við forystuna. Augljóst var að ég náði ekki út fyrir fylgiskjarna flokksins. Þrátt fyrir vonbrigði flokksmanna með þetta létu þeir það ekki bitna á mér. En ég vissi að slíkar umræður hlytu að hefjast að kosningum loknum. Ég þurfti auðvitað að taka margar ákvarðanir sem orkuðu tvímælis, innan flokks sem utan. Ótrúlegur tími og fyrirhöfn fór í tilraunir til að sefa menn vegna skipunar í opinberar nefndir og stjórnir. Það er ofar – eða neðar – mannlegum skilningi. Trúlega á ég mér einlæga óvildarmenn síðan, en það er gott að vera hataður af illum. Eftir á að hyggja finn ég ekki margar ákvarðanir sem ég hefði nú viljað hafa tekið á annan veg en varð þá. Og ýmsar þessara ákvarðana fylgdu svo sem ekki eiginlegu valfrelsi um úrkosti.

Ýmsir málaflokkar

Það snerti gamlar og djúpar taugar að Bandaríkjamenn hurfu frá Keflavíkurflugvelli. En í raun var aðdragandinn klaufalegur af hálfu Íslendinga og atburðarásin alveg öfugsnúin. Samskiptin við Bandaríkjamenn höfðu einkennst af óraunsæi og þverúð. Ég held að þegar til kom höfum við brugðist réttilega við eftir öllum atvikum. En nú var landið opið án nokkurs viðbúnaðar. Ég nýtti tækifæri sem buðust til að boða þjóðleg sjónarmið og þjóðhyggjuviðhorf og var því víða vel tekið. Ég tel kynningu á sjónarmiðum þjóðhyggju eitt það mikilvægasta sem ég náði að koma til leiðar. Þjóðhyggja, samvinnustefna og kristni eru viðhorf sem ég tel eiga brýnt erindi við þjóðina.

Afstaðan til Evrópusambandsins var opið sár í Framsóknarflokknum og andstæður skarpar. Mér tókst að setja málið í bið með sátt flestallra í flokknum. Afstaða annarra flokka var einnig með þeim hætti að málið komst hvergi fram. Allir sem þekktu mig vissu að ég var hlynntur aðild Íslands að Evrópusambandinu, en ég lagði áherslu á tvennt: Að aðild yrði á forsendum okkar og samkvæmt hagsmunum okkar í aðildarsamningi annars vegar og hins vegar að okkur lægi ekki á að sinni og við ættum sjálf að velja okkur tíma til að semja í styrkleika. Þessi afstaða hélt vel fram til vors 2008 þegar fjármála- og gjaldeyriskerfi þjóðarinnar hrundi.

Mér var ánægja að minna á það að tímabili opinberrar virkjanastefnu var lokið. Fyrstu skref til orkumarkaðar, þótt takmarkaður væri, höfðu verið stigin. Ég vonaðist til að ná víðtæku samkomulagi um rammaáætlun um nýtingu og vernd jarðauðlinda. Þannig vildi ég reyna að ná samstöðu sem stuðlaði að hagþróun en sneiddi jafnframt hjá náttúruspjöllum. En málið dróst á langinn í umhverfisráðuneytinu. Ég beið viðbragða og leitaði samkomulags. Málið lenti í tímaþröng og stjórnarandstaðan vildi halda því heitu áfram. Þetta urðu mikil vonbrigði. – Eins vildu stjórnarandstaðingar ekki ræða hugmyndir um fækkun ráðherrastóla, en ríkisstjórnin hafði látið undirbúa tillögur um skipulag Stjórnarráðsins.

Ég hafði komið að ýmsum verkefnum á sviði fræðslumála og meðal annars verið fulltrúi háskólastigsins í Vísinda- og tækniráði á fyrstu árum þess. Vöxtur og framfarir í fræðslu-, háskóla- og vísindamálum höfðu um nokkurt árabil verið með ólíkindum kröftugar. Sú saga er fjölþætt og ánægjuleg, en auðvitað voru líka úrlausnarefni sem ekki varð lokið á þessum tíma. Margháttaðar ákvarðanir voru framundan um háskólastefnu og augljóst að hún er forsenda nýsköpunarumhverfis, hagþróunar og grósku í menningarlífi.

Ríkisstjórnin náði árangri við hjöðnun verðbólgu síðla árs 2006 og fram yfir áramótin og lækkaði virðisaukaskatt. Ég taldi að þetta gæti orðið grunnur að hjöðnun í hagkerfinu áfram. Því miður varð ekkert úr þessu þegar leið á árið 2007 og ný ríkisstjórn tók við. Ákveðið var í árslok 2006 að verðtryggja persónuafslátt milli ára og þá jafnframt hætt að nálgast flatan tekjuskatt. Í árslok 2006 lét ég afla upplýsinga frá Fjármálaeftirlitinu um nýmælið „Icesave“ og fékk þau svör að það væri öruggt og ekki ástæða til áhyggju af því. Mér var reyndar bent á að leita ekki sjálfur beint til Fjármálaeftirlitsins því að slíkt gæti skilist sem pólitísk afskipti og

Stjórnmal og stjórnsýsla veftímarit (almennar greinar)

Því fékk ég embættismann til að annast verkefnið. Þetta er lærdómsríkt, meðal annars í ljósi ásakana síðar um andvaraleysi stjórnmalamanna. Fjármálaeftirlitið var meðal annars stofnað til að koma alveg í stað beinna afskipta stjórnmalamanna. Ný lög um Seðlabankann um aldamótin áttu að verka í sömu stefnu.

Við ræddum nokkru nánara um „Icesave“, ég og ráðuneytisstjórinn, í janúar 2007. Um aldamótin hafði ég tekið þátt í vinnu á vegum Verslunarráðs við innleiðingu reglugerðar ESB. Þær umræður sýndu meðal annars að skortur á öryggisneti í fjármálakerfi væri á vettvangi þjóðríkis þótt ekki væri um formlega ríkisábyrgð að ræða. Nú ræddum við sérstaklega hvort einhverjar hættur væru í málinu. Upplýsingar frá Fjármálaeftirlitinu voru skýrar. „Icesave“ naut auk þess mikils álits og viðurkenningar. Stærðir málsins á þessum tíma gáfu ekki tilefni til viðbragða, en þó var ákveðið að skipa nefnd til að fara alveg yfir allt málið. Einkum beindist athygli okkar að Evrópureglum um útibú og dótturfyrirtæki annars vegar og innstæðutryggingum hins vegar. Nú var orðið skammt til kosninga og líklegt að umskipti yrðu í kosningunum. Mér þótti réttmætt, til að koma í veg fyrir tafir, að nefndin yrði skipuð eftir kosningarnar og það varð að ráði.

Víða í samfélaginu var gremja yfir ofurtekjum og vellystingum fárra. Öryrkjum hafði fjölgað ótrúlega og í hópi þeirra var þung alda. Sama átti við um samtök aldraðra en athugun sýndi þó að þar voru langflestir sæmilega eða vel haldnir. En þessi gremja var víðar og virtist ekki síst fá eldsneyti af útrásinni. Veltiárin kveiktu endalausán samanburð allra við alla, efnishyggju og öfund, urg og óþreyju. Menn hneyksluðust á íburði og hófleysi nýrrar fámennrar auðstéttar. Þá var ekki tekið tillit til þess að þeir menn fluttu tekjur frá útlöndum hingað vegna skattkerfisins. En þetta sýndi lífskjaragjá og gramdist mörgum. Sumir útrásarvíkingar gengu á undan með græðgi og peningatrú. Það var ekki út í hött að kalla þetta bæði guðlaust og ættjarðarlaust.

Nýtt fjármálakerfi var í viðkvæmri mótun. Framfarirnar hérlendis á þessu sviði frá 9. áratug fyrri aldar voru stórfelldar. Fylgt var evrópskum og norrænum fyrirmyndum í reglusetningu. Um þetta var víðtæk samstaða, en á markaðinum ríkti óhóf, dramb og græðgi, bæði í bönkum og öðrum útrásarfyrirtækjum. Bankar hættu að vera varkárir og naumir en tóku sjálfir frumkvæði með útlánagleði og eigin áhættutöku. Að sumu leyti minnti framvindan á fyrstu ár frjálsræðis í Austur-Evrópu. Þetta var gelgjuskeið nýrra fjármála- og viðskiptahátta, svo að ég taki orð að láni frá marxistanum Brynjólfi heitnum Bjarnasyni. Eftirlitsstofnanir náðu ekki hraðanum í þessu öllu. En á þessum tíma beindist athygli ekki að misferli í bönkunum og engan óraði fyrir því sem síðar kom í ljós. – Enda þótt hrúnið 2008 yrði ekki á okkar vakt berum við Framsóknarmenn pólitíska með-ábyrgð á aðdraganda og forsendum þess. Almenn samstaða var um þá stefnu að eftirlitsstofnanir ættu að sjá um fjármálakerfið í stað beinna afskipta, inngripa eða upplýsingastýringar ráðherra. Af þessu leiddi að ráðherrar voru orðnir algerlega háðir eftirlitsstofnunum um vitneskju. Þetta breytir engu um pólitíska og stjórnskipulega ábyrgð eða um ábyrgð eftirlitsstofnana. En það er ástæða til að minna á

Stjórnmal og stjórnsýsla veftímarit (almennar greinar)

Þetta regluumhverfi og óþarft að útrásarforkólfarnir komist upp með að velta eigin verknadarábyrgð sinni yfir á aðra.

Nokkrum árum áður var því spáð í Seðlabankanum að árið 2008 yrði erfitt og mikil hætta á efnahagslegum skelli. Aðalástæðan var sú að þá lyki framkvæmdum við Kárahnjúka. Gert var þá meðal annars ráð fyrir gengislækkun og verðbólgu-skoti. Í ágústlok 2004 hófu bankarnir innrás inn á fasteignamarkaðinn og lýstu yfir því að þeir hygðust brjóta Íbúðalánasjóð á bak aftur. Ásamt útrásinni, stórframkvæmdum og almennu efnahagsástandi olli þetta slíkum þrýstingi á stjórn peningamála að allt stóð á blístri. Alþjóðlegir lánamarkaðir ósuðu af ódýru fé. Miðlunarferli peningastefnunnar skekktest enda varð vægi gengisins alltof mikið og mikilvægir þættir aðrir óvirkir. Af öllu saman leiddi aðstreymi lánsfjár og kaupmátt sem ekki var innstæða fyrir að fullu. Efnahagsreikningar bankakerfisins títuðu út. Almennt var því þó trúað fram eftir ári 2007 að unnt yrði að ná „lendingu“, jafnvel þótt hún kynni að verða frekar hörð, en við ættum að geta komist hjá alvarlegum skelli eða áfalli. Þessar vonir fóru þverrandi eftir því sem á leið.

Þrátt fyrir allt þetta veit ég þó ekki um neinn sem þá þegar þættist sjá hrunið fyrir og ég tel hneykslunarfullar skammaglósur ekki með. Mér hætti að lítast á blikurnar snemmárs 2008 og skrifaði um það í blöð í apríl og maí. Þá fannst mér fjármála- og gjaldeyriskerfi okkar hrunið og eina úrræðið væri tafarlaus umsókn um aðild að Evrópusambandinu. Hinn 17. maí 2008 sagði ég meðal annars í blaðinu „24 stundir“: „Það er mikil vá fyrir dyrum og þjóðin stendur á tímamótum“. Lesendur tóku ekki eftir orðum mínum um fjármálakerfið og lásu þetta aðeins sem einhliða Evrópuáróður.

Hrunið á árinu 2008 var í raun tvíþætt. Um vorið hrundi fjármála- og gjald-eyriskerfi okkar, en gjaldþrot bankanna varð um haustið með þeirri samfélags-upplausn og ósköpum sem fylgdu. Aðdragandi hrunsins að vorinu verður rakinn til nokkurra ára og eins og hér hefur komið fram höfðu menn rætt þau mál fram og aftur um langt skeið. Hrunið um haustið er auðvitað framhald sömu atburðarása og afleiðingatengsla, en þar koma líka skyndileg erlend áhrif, hik og frestanir íslenskra stjórnvalda og bresk árás til sögunnar. Rétt er og að hafa í huga að „Icesave“ varð ekki að skrímsli fyrir en um vorið 2008. Margföldun innstæðu-skuldbindinga „Icesave“ á nokkrum mánuðum snemmárs 2008 var skelfileg en á vitorði fárra.

Þeirri spurningu er ósvarað hvort unnt hefði verið að koma í veg fyrir hrunið um haustið með aðgerðum snemmárs 2008 – eða með því að leita þegar í stað til Evrópusambandsins sem ég lagði til í blaðagreinum í apríl og maí. Ef síðustu forvöð voru um sumarið eða haustið 2007 verður að minna á að engum hafði þá vitrast neitt um ósköpin sem urðu ári síðar. Tveir eða þrír sérfræðingar höfðu stór orð um vorið 2008 en töluðu mest um hættu á áhlaupi á bankana, svipað og ég gerði í blaðagrein. Atburðirnir haustið 2008 voru ekki í samræmi við þessi varnaðarorð enda höfðu menn til dæmis ekki nægar upplýsingar um „Icesave“, hvað þá fyrirfram um fall Lehman Brothers eða hugsanlegar aðgerðir ríkisstjórnar

Stjórnmal og stjórnsýsla vefþimarit (almennar greinar)

Stóra-Bretlands. Reyndar höfðu lengi gengið sögur um veikleika Glitnis banka og um fjárhagsleg tengsl eigenda hans við Landsbanka Íslands. Þung áfellisorið eru auðveld, en meira er um vert að grafast fyrir um ástæður og atburðarásir.

Sumir hafa rakið hrunið til kvótakerfisins. Slíkt er fráleitt, en kvótakerfið er þó upphaf að aðgreindum eiginlegum fjármálamarkaði á Íslandi. Sumir hafa rakið hrunið til þróunar í skattamálum. Það er líka firra, byggð á því að draga allt í þykkustu dráttum og skeyta hvergi um nákvæmni. Skattkerfið var skilvirkt og tók annars vegar tillit til félagslegra sjónarmiða og hins vegar til fjárfestingarumhverfisins, en stuðlaði auk þess að vexti skattstofna og tekna. Sumir tengja hrunið við aðild okkar að EES. Það er líka fráleitt, en þarna er þó kveikja að mörgu í atvinnufrelsi, velmegun og hagvexti. Tengsl við framvindu gengis- og peningamála og almenn efnahagsmál eru aftur á móti augljós, þar á meðal öldurnar frá þenslunni við Kárahnjúka og í húsnæðislánamálum. Sumir hafa rakið hrunið til misferlis eða mistaka við einkavæðingu bankanna, að fámennir fjárfestahópar fengu að kaupa þá. Pólitískir bláþræðir voru í einkavæðingunni, en það stenst ekki að rökvíslega nauðsynlegir þræðir liggi þaðan til atburða ársins 2008, enda gerðist margt á milli og aðrar fjármálastofnanir féllu á undan Landsbanka og Kaupþingi. Hins vegar er ljóst að bankarnir, sem frjáls fyrirtæki, gengust beinlínis fyrir vaxandi ofspennu, og í þeim skilningi er það rétt að þarna eru mótandi atburðarásir sem enduðu með hrununu. Þess má minnast að alvarlegar blikur komu upp í bönkunum síðárs 2005 og fram á veturinn 2006, en bankarnir leystu sjálfir úr vandanum þá. Áreiðanlega hefur þessi reynsla dregið um of úr nauðsynlegum áhyggjum og árvekni síðar.

Við höfum enga fullkomna vörn gegn hruni banka og fjármálakerfis – eða annarra mannlegra „kerfa“ yfirleitt. Eitt er það að sveiflur á fjármálamarkaði verða jafnan ýktar og öfgakenndar. Annað er að markaðir þjóðríkjanna hafa runnið saman í þróun tækni, viðskipta og alþjóðavæðingar. Þriðja er að hraðinn er slíkur á alþjóðamörkuðum að örlög umhverfast á örskotsstund. Fjórdi er að gildi peninga styðst ekki lengur við annað en hvikult traust á markaði. Fimmta er að nú hefur sannast að fjármálamarkaðir rétta sig ekki sjálfir af, eins og sjálfur Greenspan hefur viðurkennt. Í sjötta lagi og sérstaklega ber að nefna að reynsla Íslendinga er orðin alveg einhlít í því að sjálfstæðum eigin gjaldmiðli fylgja endalausar ofursveiflur og hávextir. En alveg sérstaklega er mikilvægt að menn geri sér grein fyrir því að frelsi er ævinlega ófyrirsjáanlegt og öllu frelsi fylgir áhætta.

Ófrelsinu fylgir spilling, lokun, stöðnun og hnignun sem leiðir að endingu til uppgjafar og kollvarps. Frelsinu fylgir ófyrirsjáanleiki, upphlaup, hjarðhegðun og villuráf – og endalaus áhætta. En án frelsis verður enginn mannlegur þroski, hvorki einstaklings né samfélags. Enn og aftur: Frelsi án ábyrgðar verður siðleysi, upplausn og hrun. Ef til vill er of auðvelt að kenna nýfrjálshyggjunni einni bara um þetta allt. Oftrú á frjálsar markaðslausnir tók við af yfirveguðu trausti á sjálfsábyrgum markaðsathöfnum. Flestir hagfræðingar voru á einu máli um þetta, en fáir hafa við hrunið svo mjög glatað álit sem einmitt hagfræðingar. Vandir okkar er trúlega einkum í því fólgin um þessar mundir að tengja frelsið nógu

Stjórnmal og stjórnsýsla veftímarit (almennar greinar)

traustlega við virka ábyrgð manna á gerðum sínum sem þeir verða að bera og mæta. Greinilega þarf að skipta verkefnum, völdum og áhættu á fjármálamarkaði miklu nákvæmara en verið hefur með sérgreiningu og verkaskiptingu stofnana og fyrirtækja og með fjárhagslegum og skipulagslegum kröfum til þeirra. Kröfur um lausafjárstöðu, eiginfjárhlutfall og gjaldeyrisjöfnuð verður að skerpa, svo og eignamat, mat veða og trygginga og tímasett jafnvægi áætlana um inngreiðslur og útborganir.

Horfur og viðbúnaður

Forseti Íslands bauð mér nokkrum sinnum til Bessastaða til viðræðu. Við höfðum lengi verið málkunnugir. Samtöl okkar voru vinsamleg og skemmtileg. Hann var að leita upplýsinga um eitt og annað, en jafnframt kom greinilega fram að hann beitti embætti sínu alveg sjálfstætt og án tillits til ríkisstjórnarinnar. Mest var það á þessum tíma áhrærandi viðskiptalífið og útrásina en einnig á sviði umhverfismála. Einu sinni sá ég mig knúinn til þess að segja honum að ég teldi mér skylt að láta forsætisráðherra og utanríkisráðherra vita um fyrirætlanir hans. Hann tók þessu vel en kippti að sér hendinni og sló viðfangsefninu á frest. Mér fannst forsetinn vera að leita að tækifæri til að taka sjálfstætt frumkvæði í einhverju málefni – bæði að leita að málefninu og tækifærinu – til að staðfesta sjálfstætt eigið hlutverk og áhrifavald. Í ljósi síðari atburða er þetta fróðlegt.

Að jafnaði tókst þökkalegt samstarf í forystuliði Framsóknarflokksins. Ungu fólkið veitti mér öflugan stuðning og góða samvinnu. Sumir í forystunni voru gamlir góðvinir og samstarfsmenn af öðrum vettvangi, Valgerður, Jón og Magnús. Rúmum tveimur mánuðum fyrir kjördag 2007 hafði ég rætt það við hóp trúnaðarmanna að svo gæti farið að ég næði ekki kjöri og þá sæi ég þann kost einan að víkja. Ég fór vandlega yfir þetta með varaformanni flokksins skömmu fyrir kosningarnar. Menn sáu að ókleift yrði að formaður flokksins væri utan þings og gæti slíkt aðeins leitt til upplausnar í starfinu. Ef til þessa kæmi ræddum við um miðstjórnarfund eftir kosningarnar eða nokkrum mánuðum síðar. Sammæli var að ræða þetta ekki út fyrir þröngan hóp á þessu stigi.

Ég taldi valkostina alveg skýra og hugleiddi aldrei einu sinni formennsku áfram, ráðherrastörf eða annað slíkt ef ég yrði ekki kjörinn til þings. Ég fór auðvitað leynt með þetta en bar það undir nokkra trúnaðarmenn og varaformanninn. Ég gerði ráðstafanir í ráðuneytinu og byrjaði að undirbúa mig fyrir atvinnuleit þar eð ég taldi þetta í raun liggja fyrir. Ég hélt að svo skammur starfstími gæfi ekki rétt á lokalaunum. Ráðuneytisstjórinn benti mér í þessum svifum á að ég ætti rétt á þriggja mánaða launum og þá frestaði ég atvinnuleit fram yfir kjördag. Vegna fjölmiðlafullyrðinga tek ég fram að ég gerði aðeins örfáa og takmarkaða samninga um fjárhagsskuldbindingar fram í tímann og ráðstafaði aðeins hluta af ráðstöfunarfé ráðherra í iðnaðar- og viðskiptaráðuneytinu.

Samstarfsandi var yfirleitt góður í ríkisstjórninni. Geir H. Haarde er góður samstarfsmaður, tillitssamur og jarðbundinn miðjumaður en tók ekki mikið

Stjórnmal og stjórnsýsla vefþimarit (almennar greinar)

frumkvæði. Ég vildi forðast allt sem gæti vakið efasemdir um stöðu flokksins í stjórnarsamstarfinu. Slíkt gæti aðeins valdið sundrunu og vantrausti út á við. Ég frétti af viðræðum Sjálfstæðismanna við Samfylkingarmenn nokkrum vikum fyrir kjördag en vissi ekki hve langt þær náðu. Og reyndar þóttist ég vita að Geir hefði ekki tekið þátt í þeim. Við settum þreifara út en fengum lítil viðbrögð. Ég varð þess víða var að það var búíð að „afskrifa“ okkur. Blaðaskrif viðskiptajöfra síðustu dagana fyrir kosningar staðfestu þetta út af fyrir sig þótt þeir menn hafi komið úr annarri átt.

Stjórnmalastörfín voru ónæðissóm og vinnutími óhóflegur. Þetta er ósiður og getur reynt hættulegt. Bein samskipti frambjóðenda og flokksforingja voru yfirleitt vinsamleg í kosningabaráttunni. Aðeins tvisvar fannst mér einum leiðtoganum hitna í hamsi umfram hóf, en síðustu dagana var hann undir pressu vegna þess að spár sýndu eitthvert undanhald flokks hans. Flokksforingjarnir allir ræddu saman um tilhögun kosningaþátta í útvarpi og sjónvarpi og vorum við sammála um að óeðlilegt væri að undirbúningur og skipulag sé án nokkurs samráðs við frambjóðendur sjálfa. Mér fannst sérstaklega skemmtilegt að kynnast Ómari Ragnarssyni en ég hef lengi verið aðdáandi hans.

Ég sagði opinberlega að ef við biðum ósigur ættu aðrir að taka frumkvæði um stjórnarmyndun eftir kosningarnar. Ég taldi að við gætum bætt stöðu okkar ef viðræður færu í nokkrar lotur eða yrði vísað til forseta. Rúmum mánuði fyrir kjördag hafði ég lýst því mati mínu við hóp trúnaðarmanna að það væri góður kostur fyrir Framsóknarmenn að verða utan stjórnar að kosningum loknum; þetta væri besti kosturinn en við myndum þó aldrei hlaupa frá eða færast undan ábyrgð. Síðustu tvær vikurnar fyrir kosningar fannst mér hatursþráhyggja ráða málflutningi sumra fjölmiðlamanna um einn af forystumönnum okkar í Reykjavík. Málið snerist um að pólitísku valdi hefði verið misbeitt fyrir skyldmenni. Mörgum fannst hins vegar að þetta tiltekna mál, ótengt Framsóknarflokknum að öðru leyti, staðfesti að óhróðurinn um flokkinn ætti rétt á sér. Og tilræðið tókst svo sannarlega. Þetta setti baráttu okkar í höfuðborginni alveg út af sporinu, splundraði starfinu og sló mörg okkar alveg niður. Margir, þar á meðal slyngir kosningahugsuðir og stjórnmalaspámennt, töldu eftir á að þetta hefði verið þúfan sem velti hlassinu að lyktum. Samt dregur þetta vitaskuld ekki úr ábyrgð minni á úrslitunum.

Eftir afhroðið

Eftir kosningarnar höfðum við satt að segja ömurlega stöðu til samninga, eftir versta afhroð í sögu Framsóknarflokksins. Allt var undir því komið að vinna tíma og halda samstöðu innan flokksins, róa menn og miðla málum. Geir H. Haarde óskaði eftir viðræðum og við töldum sjálfsagt að ræða við hann. Þetta voru aðeins samtöl um stöðu og horfur en eiginlegar stjórnarmyndunarviðræður okkar hófust ekki. Mér fannst Geir ekki geta hugsað sér að leiða ríkisstjórn sem hefði aðeins eins atkvæðis meirihluta á þingi. Mér fannst hann vilja forðast að verða háður einstökum flokksmönnum sínum á þingi. Guðjón Arnar Kristjánsson gerði tilboð

Stjórnmal og stjórnsýsla veftímarit (almennar greinar)

um stuðning Frjálslynda flokksins. Geir tók það ekki alvarlega. Mér þótti leitt að gefa Guðjóni Arnari ekki skýr svör því að ég ber mikla virðingu fyrir honum. Ef til vill varð þetta þó til að gefa okkur frest og svigrúm. En það er rangt að Framsóknarmenn hafi ekki viljað sinna þessu vegna einhvers konar andúðar á Kristni H. Gunnarssyni. Slíkt er að öllu leyti út í hött og við settum engin slík skilyrði. Afstaða þingmanna okkar til Kristins lýsti miklu fremur vonbrigðum en andúð.

Framsóknarflokkurinn hafði orðið fyrir miklu áfalli í höfuðborginni. Þetta gæti reynst flokknum örlagaríkt. Hér hafði myndast nútímalegt þjóðfélag og gömlu ræturnar í sveita- og þorpasamfélagi liðinna tíða gátu ekki lengur einar borið uppi öflugt stjórnmalastarf eða þjóðmálaforystu. Því miður höfðu fulltrúar okkar úti um landið ekki gefið þessu nægan gaum og hnignun samtaka okkar í höfuðborginni, sem framar er lýst, olli því að við höfðum ekki getað veitt viðnám. Aðkoma mín og framboð hafði greinilega alveg mistekist í þessu og ég síst verið réttur maður í þetta verk. Ef Framsóknarflokkurinn ætlar sér eitthvert forystuhlutverk í framtíðinni verður hann að ná árangri, meðal annars í höfuðborginni, í einhverri líkingu við það sem vinir okkar í danska Venstre hafa náð í Danmörku. Kann þó að vera að Venstre hafi borið lengra til hægri en mér og öðrum kynni að hugnast.

Mér var það huggun að við höfðum ekki reynt nein uppþot eða brellur í kosningabaráttunni. Við komum fram eins og við vorum klædd. Eftir kosningarnar lagði ég áherslu á að varðveita samstöðu í flokknum og vinna tíma. Meirihluti flokksmanna var í uppnámi og andvígur áframhaldandi samstarfi við Sjálfstæðismenn. Öldurnar lögði þó smátt og smátt en margir voru slegnir og agndofa yfir þessu öllu. Í þingliðinu vildi meirihluti halda áfram að ræða við Sjálfstæðismenn enn um sinn. Þetta birtist bæði á fundum og í einkasamtölum. Margir aðrir vildu strax taka ákvörðun um að hætta viðræðum. Við þessar aðstæður vildi ég ekki láta greiða atkvæði og þá héldu margir að ég væri hikandi og óviss um stefnuna. En ég vildi ekki gefa Geir H. Haarde farmiða strax þar sem ég vissi að félagar hans voru þegar komnir í viðræður við Samfylkinguna. Sjálfstæðismenn voru margskiptir og reru á mörg mið í einu. Ég vildi fá lengri tíma og reyna að finna einhverja samningsstöðu í síðari lotu ef til hennar kæmi.

Það olli deilum og misskilningi þegar að því kom að ég bað um umboð til viðræðna við Geir um möguleika í nokkrum málaflokkum til áframhaldandi stjórnarsamstarfs. Ég áskildi, og tók það skýrt fram, að síðan yrðu atkvæði greidd aftur ef niðurstaða yrði að hefja eiginlegar viðræður. Sumir meðal okkar töldu þetta blekkingaleik af minni hálfu, en ég var aðeins að reyna að vinna tíma. Ég skynjaði það nefnilega svo að nú vildu Sjálfstæðismenn losna við okkur.

Flokksandinn var slíkur að allt lak strax í fjölmiðlana. Skilvirknin í þeirri upplýsingamiðlun var með ólíkindum. Þegar leið á fyrstu vikuna eftir kjördag hafði staðan mótast í forystu og þingliði flokksins. Naumur meirihluti studdi mig og fylgdi aðgerðum mínum. Tæpur helmingur var stundum á hljóðskrafi en skiptist þannig að einn lýsti harðri andstöðu, bæði við áframhaldandi viðræður og

Stjórnsmál og stjórnsýsla vef tímarit (almennar greinar)

við mig persónulega, en hinir biðu og vildu fá meira að heyra. Í þessum hópi var fólk úr fremstu forystu flokksins. Talsverður tími fór í ákafa gagnrýni þess þingmanns sem lýsti beinni andstöðu. Persónuleg staða mín varð að umræðuefni – miklu fyrr en ég hafði áður talið að yrði. Gagnrýnandinn taldi að ég væri að reyna að halda ráðherrastólnum og slíkt væri siðleysi miðað við úrslit kosninganna. Sem betur fer hafði ég áður rætt málin við nógu marga, sem ofar greinir, þannig að þessi ásökun verkaði aðeins á fáa. Mér bárust þær fregnir að í undirbúningi væri að krefjast afsagnar minnar á væntanlegum miðstjórnarfundum. Það var ljóst að samstaðan í flokknum, sem var viðkvæm fyrir, var að rofna.

Viðræðurnar við Geir H. Haarde urðu aldrei meira en könnun. Nú fór hann að fresta og draga. Við lögðum nokkra málefnapunkta fram en ekkert var unnið með þá. Við fréttum aftur af öðrum forystumönnum Sjálfstæðismanna í viðræðum við Samfylkinguna. Sagt var að foringi Vinstri – grænna hefði nokkru áður eyðilagt möguleika á samstarfi stjórnarandstæðinga. Ég spurði Geir hvort Sjálfstæðismenn væru byrjaðir á viðræðum við aðra. Hann neitaði því, en sagðist ekki geta stöðvað aðra flokksmenn sína. Í þessum svifum komu nýjar fréttir í sjónvarpi og yfirlýsingar forystumanna Samfylkingarinnar. Þá slitum við viðræðunum fimm dögum eftir kosningarnar, þó í málamyndasátt við Geir. Hálf tíma síðar hófust viðræður Sjálfstæðismanna og Samfylkingar. Og innan annars hálf tíma gátu þau ákveðið að hefja formlegar viðræður um stjórnarmyndun.

Í þessari stöðu var alveg einsýnt að halda fast við fyrri ákvörðun mína. Allar ástæður hnigu í þessa sömu átt. Ég sagði af mér við fyrsta tækifæri 23. maí og hvarf af sviðinu eftir miðstjórnarfund sem haldinn var 10. júní. Öll þessi reynsla togast svolítið á í mér. Þetta bæði kitlar og sviður eins og stundum var sagt. Þegar á allt er litið var þetta lærdómsríkt og skemmtilegt. Auðvitað var þetta ósigur, mistök og afhroð – en ég varð léttinum feginn.

